



Forsætisnefnd

Efni: Kostnaður við hvern borgarstjórnarfund

Vísað er til fyrirspurnar forseta borgarstjórnar, dags. 13. september sl., sem barst 4. nóvember til fjármála- og áhættustýringarsviðs um kostnað við borgarstjórnarfund. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hver hefur verið dæmigerður kostnaður vegna eins borgarstjórnarfundar það sem af er kjörtímabili? Átt er við kostnað vegna greiðslna til verktaka, s.s. vegna útsendinga, kostnað vegna veitinga, launakostnað vegna yfirvinnu starfsfólks og annar kostnaður sem fellur til vegna eins fundar. Hver má ætla að kostnaður yrði fundum borgarstjórnar ef ákveðið yrði að þeir myndu ekki standa lengur en til kl. 18:00?“

Á tímabilinu 1. júlí 2018 til 30. júní 2019 voru 19 fundir haldnir í borgarstjórn. Í töflunni hér að neðan má sjá samantekinn kostnað fyrir tímabilið og heimfærður er á fundi borgarstjórnar. Samtals nemur kostnaður 14,2 m.kr. og er kostnaður pr. fund 748 þús. kr. að meðaltali á tímabilinu, sjá aftasta dálkinn í eftirfarandi töflu. Þar af er kostnaður vegna matar og kaffis kr. 227,3 þús. kr. en kostnaður vegna útsendingar 520,8 þús. kr. Vakin er athygli á því að ef aðeins er litið til útgjalda á árinu 2019 nemur kostnaður vegna útsendingar 370 þús. pr. fund og hefur lækkað umtalsvert m.v. fyrra ár.

Fjöldi funda	19		10		9		19	
	Krónur	%	Janúar - júní 2019	Pr. fund	Júlí-des 2018	Pr. fund	Júlí 2018-jún 2019	Pr. fund
			Krónur	Krónur	Krónur	Krónur	Krónur	Krónur
Matur , kaffi o.sv.frv.								
Múlakaffi	3.506.255	25%	184.540		184.540		184.540	
Annað	811.477	6%	42.709		42.709		42.709	
	<u>4.317.732</u>	<u>30%</u>	<u>227.249</u>	38%	<u>227.249</u>	25%	<u>227.249</u>	30%
Upptökur og útsendingar								
Exton ehf	4.195.285	30%	248.643		189.873		220.804	
Rekstrarfélag IOS ehf	3.028.020	21%			336.447		159.369	
Hans-Konrad Kristjánsson	2.205.589	16%	121.307		110.279		116.084	
Allt & ekkert ehf	466.488	3%			51.832		24.552	
	<u>9.895.382</u>	<u>70%</u>	<u>369.950</u>	62%	<u>688.431</u>	75%	<u>520.810</u>	70%
Samtals	14.213.114	100%	597.199	100%	915.680	100%	748.059	100%

Yfirvinna húsvarða er hér ekki meðtalin. Fyrirkomulagið er á þann veg að Ráðhúsið er opið á meðan á fundi stendur. Þrír húsverðir eru í yfirvinnu frá kl. 18 á meðan húsið er opið. Ef borgarstjórnarfundir stæðu skemur en til kl. 18:00 myndi sparast kostnaður vegna kvöldmatar, um 156 þús. kr. pr. fund m.v. að matarskammturinn kosti um 3.900 á mann. Ef miðað er við að þrír húsverðir fái greidda fjóra tíma í yfirvinnu getur sparnaður numið um 55 – 60 þús. kr. á fund. Ekki hefur verið greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu annarra starfsmanna á skrifstofu borgarstjórnar vegna borgarstjórnarfunda.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri